

## Yfirlit yfir nýtt kerfi

### Veikinda-, slysa- og örorkuréttinda

- 1. Réttur til greiðslu fastra launa hjá atvinnurekenda í tvo mánuði eftir 1. árs starf (dagvinna, föst yfirvinna, bónus og aðrar afkastahvetjandi greiðslur og vaktaálög)**
- 2. Sjúkrasjóður annist alla umsýslu og samskipti við þann sem veikist**
  - a. Áfallatryggingarsjóður greiðir laun þjónustufulltrúa**
  - b. Áfallatryggingarsjóður greiði laun sérfræðinga greiningarteymis**
  - c. Áfallatryggingarsjóður greiðir kostnað vegna endurhæfingar**
- 3. Réttur til greiðslu 60% af meðaltekjum síðustu 6 mánaða frá Áfallatryggingasjóði í allt að 5 ár eftir að greiðsluskyldu atvinnurekenda lýkur**
- 4. Réttur félagsmanna stéttarfélaga til greiðslu uppbóta til viðbótar við grunnbætur frá sínum sjúkrasjóði eftir að greiðsluskyldu atvinnurekenda lýkur**
  - a. 30% viðbótarréttindi fyrstu 10 mánuðina**
  - b. 20% viðbótarréttindi næstu 24 mánuði**
  - c. 10% viðbótarréttindi næstu 24 mánuði**
- 5. Ný iðgjöld til að fjármagna þessi réttindi verður lögð á atvinnurekendur:**
  - a. Nýtt 2,13% iðgjald í Áfallatryggingarsjóð þar sem greitt yrði af öllum**
  - b. Iðgjald atvinnurekenda í sjúkrasjóð hækki í 1,25% sem greitt er af félagsmönnum**
- 6. Kostnaður af nýju kerfi heldur lægri en af núverandi kerfi:**
  - a. Mótframlag atvinnurekenda í lífeyrissjóði lækki um 1% (en kostnaður þeirra lækkar um 1,51% að meðaltali – þýðir aukið svigrúm lífeyrissjóðanna til greiðslu eftirlauna)**
  - b. Tryggingargjald atvinnurekenda lækki um 1,13% og ríki losni jafnframt undan framlögum til endurhæfingar og kostnað við greiningu á vinnugetu fólks á vinnumarkaði**
  - c. Launakostnaður atvinnurekenda vegna veikindaréttar lækkar um 0,3%**